

L Ö G

um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Víxilmál má höfða og sækja fyrir gestarétti í þinghá þeirri, þar sem víx-
illinn á að greiðast.

2. gr.

Nú er víxilmál eigi rekið fyrir gestarétti, og skulu þó frestir allir vera sem
í gestaréttarmálum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um
sérstakt varnarþing í víxilmálum, nr. 33 11. júlí 1911. Síðastnefndum lögum
skal þó beita um tékka, er út voru gefnir áður en þessi lög öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.